

Nd.

697. Frumvarp til laga

[201. mál]

um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar er heimilt að taka lán til virkjunar Efra-Sogs, allt að kr. 100 000 000 — eitt hundrað milljónir króna — eða tilsvarandi upphæð í erlendum gjaldeyri, enda komi samþykki ríkisstjórnarinnar til.

Ef hentara þykir, getur ríkisstjórnin ákveðið, að Framkvæmdabanki Íslands fyrir hönd ríkissjóðs taki lán þau, er um ræðir í 1. málsgr., og endurláni féð Sogsvirkjuninni gegn gildum tryggingum.

Ríkissjóður og bæjarsjóður Reykjavíkur bera sameiginlega, báðir fyrir annan og annar fyrir báða, ábyrgð á skuldbindingum Sogsvirkjunarinnar samkv. lögum þessum, en innbyrðis er ábyrgð hvors aðila takmörkuð við eignarhluta hans í Sogsvirkjuninni á hverjum tíma, sbr. sameignarsamning, dags. 30. júlí 1949.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eftir margra ára mælingar liggur nú fyrir frumáætlun um virkjun Efra-Sogs, þ. e. fallsins milli Þingvallavatns og Úlfljótsvatns. Þar er 22 m fallhæð og ráðgert, að stöð þar hafi 27000 kw afl. Er mesta vatnsnotkun þá áætluð 150 m³/sek. eða sama og reiknað er með við virkjun Sogsfossanna neðar í Sogi.

Gert er ráð fyrir, að halda megi því hæsta vatnsborði í Þingvallavatni, sem nú er frá náttúrunnar hendi, sem er um 103 m yfir sjávarflöt. Venjulegt vatnsborð í Þingvallavatni er sem næst 102,5 m, og lægsta vatnsborð við lágrennsli hefur mælt sem næst 102 m. Gert er ráð fyrir, að virkjunin komist af með þessa eðlilegu vatnsborðsbreytingu frá hárennsli til lágrennsli til miðlunar lengi vel framan af, en síðar verði athugað, hver áhrif meiri lækun vatnsborðs kunni að hafa, ef þess gerist þörf til að auka miðlunarmöguleikana.

Tilhögun virkjunarinnar er sú, að vatnsinntak er sett uppi við Þingvallavatn, spölkorn vestan við ósinn, þar sem Sogið rennur úr vatninu. Frá inntakinu verða sprengd göng í gegnum ósinn milli vatnanna. Verða þau jafnvið og gerð á sama hátt og frárennslisgöng Írafossstöðvarinnar, en lengd þeirra er aðeins 380 m. Stífla verður sett í ósinn með gegnumrennsli 40 m³/sek. við lægsta vatnsborð. Göngin koma að sunnanverðu út í Dráttarhlíðina, við norðurenda Úlfljótsvatns, og enda þar í þró í miðri hlíðinni. Neðan við þróna er stöðvarhúsið á bakka Úlfljótsvatns og nær upp að þrónni. Aðrennslisæðar til vélanna liggja frá þróarveggnum að framanverðu niður undir stöðvarhúsið, og verður stöðvarhúsið samsteypt við þróarvegginn. Rafbúnaður stöðvarinnar verður settur upp á stöðvarhúspakið í útvirki þar og þaðan lögð háspennulína að Írafossstöðinni. Er orkan flutt eftir línu þeirri, sem byggð hefur verið fyrir Írafossstöðina. Ætlað er til, að hin nýja stöð verði fjarstýrð frá Írafossstöðinni og að eigi verði hafðir fleiri en tveir vélgæzlumenn í hinni nýju stöð.

Liklegt má telja, að tvær vélasamstæður verði settar upp í stöðinni, 13.500 kw hvor um sig. Það er þó enn í rannsókn, hvort ein tvöfalt stærri vélasamstæða gæti einnig komið til greina. Hvort heldur er hefur mjög lítil áhrif á heildarkostnað virkjunarinnar.

Áætlun sú, er fyrir liggur með tveim vélasamstæðum, er samandregin þannig:

Undirbúningur, byggingarvinna og íveruhús	kr.	41 400 000
Vélar, rafbúnaður við stöðvarhús	—	30 700 000
Háspennulína og stjórnþæki	—	6 500 000
Vegir, brýr, flutningur, sími, rafmagn, eftirlit, reikningshald	—	5 500 000
Vextir á byggingartíma, lántökukostn.	—	8 500 000
Ýmislegt og ófyrirséð	—	7 400 000

Samtals kr. 100 000 000

Gert er ráð fyrir, að útboðslýsingar að virkjuninni verði til á þessum vetri og útboð geti orðið á miðju ári. Tíminn til að skila tilboðum er vart minni en 3—4 mánuðir. Að tilboðum fengnum á næsta hausti kemur til athugunar fjáröflun til framkvæmdanna samkvæmt þeim, er lægst verð bjóða eða aðgengilegust skilyrði hafa. Gangi allt eðlilega, mætti búast við, að hægt væri að gera samninga um framkvæmdirnar svo tímanlega, að verk gæti hafizt vorið 1955, en vegir og brýr að virkjunarstöð gætu verið undirbúnir fyrir þann tíma.

Af fé því, er fer til virkjunarinnar, er nær helmingur erlendur gjaldeyrir fyrir vélar og efni. Verður eigi að svo stöddu sagt, hvernig fjáröfluninni verður háttáð, en nauðsynlegt er, að heimild sé fyrir ríkisábyrgð á væntanlegum virkjunarlánnum erlendum og innlendum, áður en útboð er hafið, og aðstoð ríkissjóðs við útvegum lánaanna. Þar sem nauðsynlegt kann að vera, að ríkissjóður sjálfur sé lántaki, einkum ef um erlendar lántökur verður að ræða, er gert ráð fyrir því í frumvarpinu, að Framkvæmdabanki Íslands fyrir hönd ríkissjóðs geti verið lántaki, ef hentara þykir.